



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

142 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 12 desember 2018 kl.10.00 í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Lilja B. Ágústsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson. Gerður Jóhannsdóttir mætti á fundinn sem varamaður Báru Daðadóttir. Sif Matthíasdóttir boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn Rakel Óskarsdóttir fulltrúi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

1. Framlögð fundargerð frá 141 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 141 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Almenningsamgöngur.

Framlagður samningur við Vegagerðina um rekstur almenningsamgangna á Vesturlandi árið 2019. Stjórn samþykkti samninginn. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála í viðræðum við Hópbíla um framhald samnings um akstur á leið 57. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá viðauka við samning um akstur Hópbíla á leið 57, Rútuferða ehf. á leið 58 og 82 og Sigurð Inga Þorsteinsson á leiðum 59 og 81. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að ganga frá viðauka á samningi við Strætó b.s. um þjónustu á árinu 2019. Loks var lagt fram yfirlit um reksturinn fyrstu 10 mánuði ársins 2018 og er uppsafnað tap á árinu það sem af er tæpar 3.m.kr.

3. Starfsreglur stjórnar

Lögð fram endurskoðuð tillaga að starfsreglum stjórnar SSV. Stjórn samþykkti starfsreglurnar og fól jafnframt framkvæmdastjóra að undirbúa tillögu að breytingu á 7.gr. laga SSV sem lögð verði fram á aðalfundi SSV.

4. Velferðarstefna Vesturlands.

Lögð fram til kynningar drög að Velferðarstefnu Vesturlands. Rakel Óskarsdóttir formaður vinnuhóps um velferðarstefnuna fór yfir helstu þætti hennar. Stjórn lýsti yfir ánægju sinni

með drögin að stefnunni og fól framkvæmdastjóra að senda stefnuna til sveitarfélaga og hagaðila til umsagnar.

5. Almannaþing Vesturlands

Lagt fram minnisblað varðandi ráðningu starfsmanns fyrir almannaþing Vesturlands. Stjórn bókaði eftirfarandi; „Sveitarfélögin á Vesturlandi taka ákvörðun um hvernig stöðugildi starfsmanns almannaþingar Vesturlands verður fjármagnað. Sóknaráætlun Vesturlands mun fjármagna ákveðin verkefni sem umræddur starfsmaður mun sinna. SSV er tilbúið til þess að ráða starfsmanninn til sín, en hann verði staðsettur á skrifstofu lögreglustjóra og heyri undir hann. Samningur verði gerður á milli SSV og lögreglustjórans á Vesturlandi um starfsmanninn.“

Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga hjá Ríkislögreglustjóra varðandi túlkun á lagagrein um samstarf sveitarfélaga um almannaþingir sem og verkefni.

6. Sóknaráætlun Vesturlands

Lögð fram tillaga að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2019. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna að frekari undirbúningi eftirfarandi verkefna:

- Nýsköpun, frumkvöðlar og tæknimenntun
- Matarauður Vesturlands
- Velferðarstefna Vesturlands
- Efling ferðaþjónustu
- Menningarlíf á Vesturlandi

7. Vesturlandsstofa

Lögð fram fundargerð frá fundi stjórnar Vesturlandsstofu þar sem m.a. var rætt um framtíðarskipulag og starfsáætlun komandi árs. Stjórn samþykkti að óska eftir minnisblaði frá forstöðukonu Vesturlandsstofu um umfang starfsemi upplýsingarmiðstöðvar sem og samantekt á kostum og göllum þess að reka Markaðsstofu Vesturlands og upplýsingamiðstöð landshlutans sem eitt fyrirtæki.

8. Byggingaráætlun

Kynning á Byggingaráætlun fyrir árin 2018-2024. Áætlunina er að finna á <https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>. Stjórn samþykkti að hvetja sveitarfélögin á Vesturlandi til að kynna sér áætlunina og þá sérstaklega þau tækifæri sem hún skapar til uppbyggingar og jákvæðrar byggingar.

9. Minjavernd

Lagt fram bréf frá Minjavernd þar sem óskað er eftir því að SSV tilnefni aðal- og varafulltrúa í svæðisstjórn Minjaverndar. Stjórn SSV samþykkti að skipa Einar Brandsson bæjarfulltrúa á Akranesi sem aðalfulltrúa og Guðveigu Eyglóardóttir sveitarstjórnarfulltrúa í Borgarbyggð sem varafulltrúa í svæðisstjórn Minjaverndar á Vesturlandi. Jafnframt samþykkti stjórn að SSV muni greiða laun til sinna fulltrúa fyrir setu í svæðisstjórn.

10. Fræðsluferð

Framlagt minnisblað um fyrirhugaða fræðsluferð sveitarstjórnarfulltrúa á Vesturlandi dagana 24-27 apríl 2019. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að undirbúningi ferðarinnar.

11. Framlögð mál

- a. Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra SSV
- b. Fundargerð frá fundi þjónusturáðs Vesturlands í málefnum fatlaðra 20.11 2018
- c. Kynning á samstarfsvettvangi EFTA um sveitarstjórnarmál. Formaður kynnti samstarfsvettvanginn, en hann situr þar sem einn af fulltrúum Íslands. Í máli hans kom fram að Raket Óskarsdóttir fv. formaður SSV var kosin varaformaður sveitarstjórnarvettvangs EFTA á síðasta fundi hans.
- d. Samningur við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um úthlutun styrkja úr Byggðaáætlun. Formaður lýsti yfir ánægju sinni með þá styrki sem SSV fékk úthlutað til Vínlandsseturs í Búðardal og Gestastofu Snæfellsness. Hann þakkaði jafnframt starfsfólki SSV fyrir vel unnar umsóknir.
- e. Formaður óskaði eftir því að bæta við dagskrárlið um samgöngumál. Stjórn gerði ekki athugasemdir við breytingu á dagskrá. Kynnt var bókun Akraneskaupstaðar um flýtigjöld til þess að flýta nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngumálum. Stjórn SSV ræddi fyrirhugaðar breytingar stjórnvalda á fjármögnun nýframkvæmda í vegamálum og samþykkti eftirfarandi ályktun:
„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fagnar áformum um að notuð verði veggjöld til að fjármagna stórfelldar og nauðsynlegar samgöngubætur sem fyrirhugaðar eru á næstu árum. Með innheimtu veggjalda er einnig hægt að fjármagna átak til uppbyggingar á leiðum á Vesturlandi eins og Uxahryggjum, Skógarströnd og fjölmörgum tengivegum sem ekki voru á samgönguáætlun næstu fimm ára. Í samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var af sveitarfélögum á Vesturlandi árið 2017 er sérstaklega fjallað um forsendur þess hvenær komi til greina að nota veggjöld til þess að fjármagna framkvæmdir. Í fyrsta lagi á það við þegar það er verulegur hagur íbúa af því að framkvæmdum verði flýtt, í öðru lagi að gjaldtöku sé stillt í hóf gagnvart þeim sem eru reglulega í förum á leiðum þar sem veggjald er lagt á og í þriðja lagi þá þurfi að liggja fyrir almenn stefnumótun stjórnvalda um í hvaða tilvikum skuli beita veggjöldum til þess að flýta framkvæmdum eða koma nauðsynlegum öryggisúrbótum í verk. Ef þessar forsendur eru hafðar að leiðarljósi telur stjórn SSV að ásættanlegt sé að nota veggjöld til að flýta framkvæmdum. Jafnframt hvetur stjórn SSV til þess að ný samgönguáætlun verði kláruð hið fyrsta þannig að hægt sé að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir.“

Fundi slitið kl.12.25

Fundargerð ritaði Páll S. Brynjarsson

